2012-11-0032

Erindisbréf nefnda

TEKIÐ FYRIR Í BÆJARRÁÐI
22 JUL 1996

Hafnarstjórn

Stjórnskipuleg staða

Hafnarstjórn heyrir beint undir bæjarstjórn. **Hafnarstjóri** starfar með stjórninni.

Stjórnin starfar á **hafnarmálasviði**, sem er undir stjórn bæjarstjóra. Eftirfarandi stofnanir starfa undir umsjón stjórnarinnar: hafnir bæjarfélagsins, hafnarsvæði og hafnarvogir.

Skipan nefndarinnar

Í hafnarstjórn eiga sæti **sjö fulltrúar**, sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum *sveitarstjórnarlaga, hafnalaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar*. Á sama hátt eru kjörnir sjö fulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa bæjarstjórnar eiga **hafnarstjóri og bæjarstjóri,** rétt á að sitja fundi stjórnarinnar, með málfrelsi og tillögurétti.

Bæjarstjórn kýs stjórninni formann og varaformann, en nefndin kýs sér ritara á fyrsta fundi sínum.

Hlutverk

Hlutverk hafnarstjórnar er

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um hafnarmál;
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í hafnarmálum sveitarfélagsins;
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga;
- að starfa með hafnarstjóra að þeim málum sem undir nefndina heyra;
- að gera tillögur um úrbætur í þeirri starfsemi sem undir nefndina heyrir.

Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna þeirra stofnana, sem tilheyra verksviði nefndarinnar og í hafnarmálum almennt. Nefndin skal hafa faglega umsjón með rekstri þeirra stofnana og deilda sem undir hana heyra og hafa eftirlit með því að stofnanirnar starfi innan ramma laga og samþykktrar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.

Meginhlutverk hafnarstjórnar er stefnumótun, en í minna mæli afgreiðsla einstakra mála. Hafnarstjórn setur forstöðumönnum og starfsmönnum þeirra stofnana sem undir stjórnin heyra starfsreglur um afgreiðslu samsvarandi mála.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í III. og IV. kafla *samþykktar um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar* og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Hafnarstjórn kemur saman fyrir **luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma** að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Skal stjórnin gera samþykkt um þennan fundartíma á sínum fyrsta fundi að höfðu samráði við bæjarstjóra. Hafnarstjórn heldur aukafundi eftir þrfum.

Stjórnin skal halda **gerðabók**. Kjörinn eða ráðinn ritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá **hvar og hvenær** fundur er haldinn, **hverjir** sitji hann og **hvenær honum lýkur**. Skrá skal **einstök mál**, sem tekin eru fyrir á fundinum, **hvenær þau komu til, nöfn** hlutaðeigandi, **meginefni** og **afgreiðslu** stjórnarinnar. Í lok fundar skal ritari **lesa fundargerðina upp** og allir viðstaddir **undirrita** hana. Fundargerðum kemur formaður stjórnarinnar til skrifstofu- og bæjarritara sem hefur umsjón með ritvinnslu hennar og leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar. Skrifstofu- og bæjarritari sendir fundarmönnum afrit af fundargerð stjórnarinnar ásamt afgreiðslu bæjarstjórnar.

Formaður og/eða hafnarstjóri, sér um boðun funda í samráði við skrifstofu- og bæjarritara. Fundarboðun skal vera **skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá.** Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en **einum sólarhring fyrir fund.**

Formaður stýrir fundum stjórnarinnar skv. ákvæðum III. og IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp bæjarins.

Fundur telst ályktunarhæfur **ef meirihluti stjórnarinnar er mættur** á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Eftirfylgni

Formaður og aðrir fulltrúar skulu **snúa sér til bæjarstjóra** með eftirfylgni staðfestra samþykkta stjórnarinnar.

Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur fulltrúa gilda ákvæði *sveitarstjórnarlaga* og *samþykktar um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar*, eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að **sækja fundi** nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að **koma máli á dagskrá fundar**, enda skilar hann efni þess til stjórnarformanns og/eða hafnarstjóra a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

ÞÚ FYRIR Í BÆJARRÁÐI
22 JUL 1996

Erindisbréf nefnda

Fundarmenn skulu **hafa hag bæjarins að leiðarljósi** við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og *samþykktum um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar* í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum stjórnarinnar.

Fundarmenn eru bundnir **þagnarskyldu** vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir stjórnin og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 fulltrúa, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúi skal **víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan,** skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal stjórnin taka mið af þeim *lögum og reglugerðum,* sem undir starfsvið hennar heyrir, sérstaklega þó lög sem *um hafnamál* gilda hverju sinni. Þá skal stjórnin fylgja *samþykkt um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar* eins og þau eru hverju sinni.

TEKIÐ FYRIR Í BÆJARRÁÐI
22 JUL 1996